

rekstur málsins í hjeraði hefur að öðru leyti verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Bjarni Eyjólfsson greiði 20 kr. sekt til landssjóðs, en sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma; ákærðu Guðmundur Þorgilsson og Ólafur Teitsson greiði hvor þeirra 2 króna sekt til landssjóðs, en til vara sæti þeir hvor 2 daga einföldu fangelsi. Hinir ákærðu skulu og greiða allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar á meðal málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og málsfærslumanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors, þannig að Bjarni Eyjólfsson einn greiði helming kostnadarins, en Guðmundur Þorgilsson og Ólafur Teitsson greiði hinn helminginn in solidum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. júlímánaðar.

Nr. 28/1896.

Rjettvísín

gegn

Einari Guðmundssyni og

Hannesi Einarssyni.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað gegn hinum ákærðu

feðgum Einari Guðmundssyni og Hannesi Einarsyni fyrir þjófnað, og var það dæmt í aukarjetti Skagafjarðarsýslu 12. marz þ. á. þannig, að Einar var sýknaður af ákæru rjettvisinnar í málinu, en Hannes dæmdur til að sæta 15 haggá hýðingu með vendi samkvæmt 235. og 258. gr. sbr. 30. gr., 2. lið, almennra hegningarlaga. Sakarkostnað skyldu feðgarnir greiða in solidum, þar á meðal 4 kr. til talsmanns þeirra fyrir aukarjettinum, W. Melsteds á Saudárkróki. Dómi þessum er skotið til yfirdómsins af hálfu rjettvisinnar.

Báðir hinir ákærðu hafa verið sakaðir um það að hafa veturinn 1894—95 farið í sameiningu í læst koffort, er annar maður átti og stolið úr því 20 kr. í peningum, 2 álum af vaðmáli, vetlingum og sokkum, og Einar sjerstaklega fyrir að hafa gefið manni 5 lömb, sem voru honum ófrjáls. En með því að engin sönnun er fram komin fyrir því, að hinir ákærðu hafi framið þessi afbrot, er þeir hafa fastlega neitað að vera sekir um, er það rjett, að undirdómarinn hefur dæmt þá sýkna saka í þessu efni.

Þá er það borið á ákærða Einar, að fyrir tæpum 10 árum og aptur veturinn 1894—95 hafi hann tekið eitthvað lítils háttar af heyi frá þáverandi húsbændum sínum til að gefa skepnum, er hann átti sjálfur, en þessu, sem ekki hefur orðið sannað á annað hátt, hefur Einar neitað, nema hvað hann hefur kannazt við, að hann í eitt skipti fyrir 10 árum hafi orðið var við, að hann hafði í misgripum gefið sínum skepnum lítið eitt af heyi, er hús-

bóndi hans átti. Það verður því einnig að fallast á, að undirdómarrinn hefur sýknað ákærða að því þetta ákæruatriði snertir.

Ákærða Hannesi Einarssyni hefur verið gefið að sök sjerstaklega, að hann hafi stolið hníf, er hann var á 11. ári, en sem hann skilaði aptur, er húsbóndi hans talaði um það við hann. Einnig hefur hann verið ákærður fyrir að hafa á 12. eða 13. árinu haft út hjá konu á nágrennabænum nokkuð af kaffibrauði og sykri, með því að skila frá húsmóður sinni og biðja um þetta til láns; fjekk konan honum auk þessa nokkuð af kálfskjöti, er hann átti að færa húsmóður sinni, en ákærði át sjálfur sykrið og kaffibrauðið, en gaf kálfskjötið. Ákærði hefur að vísu kannast við þessi afbrot, en með því að þau voru drýgð áður en hann var orðinn 15 ára að aldri, og ákærði, áður en hjeradsstefnan í máli þessu var birt honum, var orðinn fullra 18 ára, þá verður ákærða eigi refsað fyrir þau samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga, og ber því að breyta undirrettardóminum að þessu leyti.

Málkostnaður allur, þar með talin málsvarn-
arlaun í hjerði 4 kr. og málsfærslulaun til sókn-
ara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors,
virðast eiga að greiðast af almannafje.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vitalaus
og sókn og vörn fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinir ákærðu Einar Guðmundsson og Hann-

es Einarsson eiga að vera sýknir af ákæru sækjandans í máli þessu. Málskostnað allan bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun til W. Melsteds á Sauðárkróki 4 krónur og málfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrettarmálaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra, ber að greiða af almannafje.

Nr. 9/1896.

Guðmundur Magnússon
 gegn
 Sigurði Mattiassyni.

Dómur:

Hinn 24. nóv. 1894 seldi hinn stefndi, Sigurður Mattiasson á Eyrarbakka, áfrýjandanum Guðmundi Magnússyni samastaðar eign sína hálfja jörðina Fell í Biskupstungum fyrir 1600 kr. Borgaði áfrýjandi af kaupverðinu 500 kr. þegar í stað og gaf út veðskuldabryjef fyrir eptirstöðvunum, en fjekk aptur á móti afsalsbryjef fyrir jörðinni hjá stefnda, og var afsalsbryjefið dagsett nefndan dag, 24. nóv. 1894. Nokkru síðar fór stefndi þess á leit við áfrýjanda, að kaup þessi mættu ganga til baka, sökum þess að ábúandi jarðarinnar krafðist kaups á henni, en honum var áskilinn forkaupsrjettur á jörðinni í byggingarbryjefi hans, og gaf á-